



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skýrslu starfshóps um greiningu á stöðu Laugarnesskóla**

Á fundi borgarráðs þann 7. desember 2023 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Fulltrúi Flokks fólksins spurði um skýrslu starfshóps um greiningu á stöðu Laugarnesskóla en starfshópurinn átti að skila af sér í maí. Svar hefur borist. Flokkur fólksins óskar nánari upplýsinga um hverjar þær „frekari forsendur“ eru sem vísað er til í svarinu og sem borgarráð samþykkti að leggja fyrir starfshópinn? Einnig er spurt: Hversu mikil vinna er þá eftir, verða frekari tafir á birtingu? Hvenær er áætlað að birta skýrsluna? Margir bíða af óþreyju eftir upplýsingum um málið og vilja fá svör, m.a. um lausnir og tímalínu.“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 7. desember sl.

#### **Svar:**

Með „frekari forsendum“ sem vísað er til í fyrirspurninni er átt við það sem fram kemur í E-lið erindisbréfs starfshópsins sem samþykkt var í borgarráði 9. febrúar 2023, en þar segir:

„Frekari forsendur, sbr. samþykkt borgarráðs um undirbúning Þjóðarhallar í Laugardal: E. Þörf fyrir íþróttakennslu verði mætt í þjóðarhöll.“

Líkt og fram kom í svari við fyrri fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sama málefni þá átti starfshópurinn að skila tillögum fyrir 1. júní s.l. Verkefnið reyndist hinsvegar mun umfangsmeira en áætlað var og starfshópurinn fékk því frest til þess að skila af sér. Starfshópurinn skilaði lokaskýrslunni af sér til ábyrgðarmanns fyrir jól og fer skýrslan í hefðbundinn farveg í framhaldinu og verður kynnt í borgarráði þegar frekari forsendum sem samþykktar voru í borgarráði verði mætt.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari